



Móðurmál.

Samtök um tvítýngi

Móðurmál - samtök um tvítýngi
Háaleitisbraut 11-13
108 Reykjavík
Kt: 421101-2990

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólfsgötu 4
101 Reykjavík

modurmal@modurmal.com
www.modurmal.com

Tilvísun í mál: nr. 160/2020 - Viðmiðunarstundaskrá grunnskóla - tillaga að breytingu.

Reykjavík 27. 8. 2020

Viðmiðunarstundaskrá grunnskóla - tillaga að breytingu

Móðurmál - samtök um tvítýngi (framvegis Móðurmál) gera eftirfarandi athugasemd við mál nr. 160/2020 um viðmiðunarstundaskrá grunnskóla.

Samkvæmt rannsókn "Allir með" (2018) sem var á vegum Samfok - samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, og Móðurmáls, óska langflestir foreldrar af erlendum uppruna eftir aukinni aðstoð í íslensku sem öðru máli (eða öðru móðurmáli) fyrir börnin sín, en einnig eftir betri stuðning við móðurmál barna sinna. Móðurmál vil taka fram að ekki öll börn af erlendum uppruna eiga íslensku sem annað mál. Mörg ef ekki flest fjöltyngd börn eru með íslensku sem eina af sínum móðurmálum.

Út frá ýmsum menntarannsóknum og rannsóknum í annarsmálsfræðum þarf að leggja áherslu á markvissa kennslu orðaforða fyrir fjöltyngd börn, til að auka skilning þeirra á viðfangsefnum í skóla. Hér er átt við almennan skólaorðaforða og fagorðaforða (stundum kallað Tier 2 og 3). Skv. rannsóknum þurfa börn að skilja 97% af orðaforða til þess að hafa nægilegan skilning á flóknum textum, t.d. í kennslubókum.

Aukinn fjöldi tíma einn og sér skilar ekki árangri, heldur þarf líka viðeigandi kennsluhætti.

Með kærri kveðju,
Maria Sastre, formaður Móðurmáls - samtaka um tvítýngi, f.h. stjórnar